



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Erindisbréf Skólanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

I. Kafli - Almenn ákvæði

1. Grein - lagagrunnur

Skólanefnd er skipuð af sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps skv. 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 4. grein laga nr. 90/2008 um leikskóla. Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps skal fjalla um málefni beggja skólastiga sbr. ofan nefnd lög.

Skólanefnd skal starfa samkvæmt fyrrgreindum lögum, erindisbréfi þessu, sem sveitarstjórnin hefur staðfest og almenningur skal hafa aðgang að, skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Nefndin skal starfa að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórnir fela henni.

2. Grein - Markmið

Markmið með starfi skólanefndar er að vinna að fræðslumálum í Skeiða og Gnúpverjahreppi, einkum og sér í lagi í tengslum við þær menntastofnanir sem reknar eru í sveitarfélaginu.

Nefndin skal í störfum sínum ávallt setja almannahagsmuni ofar hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

3. Grein - Skipan seturéttar á fundum og áheyrnarfulltrúar

Skólanefnd er skipuð fimm aðalmönnum og jafn mörgum til vara. Skólanefnd kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Skólanefnd skal tilnefna tvo fulltrúa til að sitja í skólanefnd Hrunamannahrepps, þegar málefni Flúðaskóla eru til umræðu.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 4. grein laga nr. 90/2008 um leikskóla eiga auk skólanefndarmanna eftirtaldir aðilar rétt til setu á skólanefndarfundum, með málfrelsi og tillögurétt:

A. Málefni grunnskóla

- fulltrúi skólastjóra
- fulltrúi kennara
- fulltrúi starfsfólks
- fulltrúi foreldra

B. Málefni leikskóla

- fulltrúi leikskólastjóra
- fulltrúi leikskólakennara
- fulltrúi starfsfólks
- fulltrúi foreldra

Tilnefningar í skólanefnd, aðrar en þær sem sveitarstjórnir skipa, skulu tilgreina einn aðalmann og einn varamann í upphafi hvers kjörtímabils.

Auk ofan nefndra fulltrúa á sveitarstjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt kjósi hann svo.

Þá er einnig heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

II. Verkefni

4. Grein - Hlutverk

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir sbr. lög nr 91/2008 um grunnskóla:

- a. Að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- b. Að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- c. Að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- d. Að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að skólaþjónustu,
- e. Að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útvistar- og leiksvæði nemenda,
- f. Að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- g. Að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla, og á milli miðstigs og unglingsstigs.

Skólanefnd skal einnig hlutast til að eftirfarandi meginmarkmið 2. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla séu framkvæmd. Þau eru eftirfarandi:

- a. Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- f. Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Auk þess skal skólanefnd móta tillögur að stefnu í skóla- og menntamálum sveitarfélagsins og leggja fram til sveitarstjórnar.

5. Grein - Önnur verkefni

Önnur verkefni skólanefndar eru meðal annars:

- a. Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skólamálum.
- b. Að fylgjast með að einstaka áætlanir og stefnumál og sem skólarnir hafa sett sér, sé framfylgt til að mynda jafnréttisáætlun og áætlun gegn einelti
- c. Að fylgjast með framkvæmd laga um grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og æskulýðslaga sem og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.
- d. Að sinna mats- og eftirlitskyldum skv. lögum sem nefndin starfar eftir.
- e. Að gera tillögur að verkefnum í tengslum við fjárhagsáætlunargerð til sveitarstjórnar.
- f. Að fara með málefni grunnskóla og leikskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.
- g. Að fjalla um og undirbúa gerð skólamannvirkja og nýtingu þeirra í samvinnu við viðkomandi nefndir/ráð sveitarfélagsins.
- h. Að fylgjast með og stuðla að því að skólarnir eigi aðgang að sérfræðiþjónustu.
- i. Að veita sveitarstjóra umsögn um ráðningu skólastjóra og leikskólastjóra.
- j. Að gera tillögur til sveitarstjórnar um reglur og gjaldskrár fyrir þær stofnanir sem nefndin hefur umsjón með.
- k. Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

6. Grein - Ákvarðanir

Skólanefnd er ráðgefandi nefnd og þurfa tillögur hennar að berast sveitarstjórn til umfjöllunar og staðfestingar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, nema nefndinni hafi áður verið falin fullnaðar afgreiðsla einstakra mála.

III. Fundir og starfshættir

7. Grein - Boðun funda

Formaður boðar til funda svo oft sem þurfa þykir og stjórnar þeim.

Að jafnaði skal miðað við mánaðarlega fundi en þó eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári.

Boðað skal til fundar í skólanefnd ef skólastjóri eða að minnsta kosti tveir nefndarmenn óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, ásamt þeim sem seturétt eiga á fundunum, verið boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og endanleg dagskrá liggja fyrir eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn fundarmanna mælir gegn því.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum.

Boðað skal til funda með rafrænum hætti, sé þess kostur.

8. Grein - Réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi skólanefndar nema lögmæt forföll hamli.

Á nefndinni hvílir upplýsingaskylda til þeirra er mál varða, og skal formaður greina málsaðilum frá úrslitum mála, en ekki aðrir nefndarmenn eða áheyrnarfulltrúar.

Um réttindi, skyldur og hæfi fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. Kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og upplýsingalög nr. 140/2012.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum formanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af nefndarstarfi.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

9. Grein - Ályktunarhæfni

Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Nefndarmaður getur ekki tekið þátt í afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo mjög, að ætla megi að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af og skal hann í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni, sbr. 47. og 19. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

10. Grein - Fundargerðir

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í skólanefnd og skulu allir fundarmenn rita nöfn sín undir prentað eintak fundargerðarinnar. Rita skal í fundargerðarbók dagsetningu fundar og fjölda blaðsíðna rafrænnar fundargerðar. Fundarmenn skulu rita nöfn sín í viðkomandi bók sem geymd er á tryggum stað.

Með fundargerðir fer að öðru leyti samkvæmt 48. grein sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðarbók, afrit af skýrslum og skjölum skólanefndar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórnnum til kynningar og/eða samþykktar að loknum hverjum fundi. Einnig skal senda viðkomandi grunn- og leikskólum fundargerðir nefndarinnar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Nefndarmenn og allir þeir sem eiga seturétt á fundum nefndarinnar skulu einnig fá afrit af fundargerðum hennar. Sveitarstjórnir sjá um birtingu fundargerða nefndarinnar á vef viðkomandi sveitarfélags. Nefndin heldur sértaka trúnaðar-málabók, þar sem skráð er afgreiðsla mála er varða einkahagi og persónuleg mál. Bók þessi skal geymd á öruggum stað, ásamt öðrum þeim gögnum sem varða afgreiðslu slíkra mála. Slík mál skulu ekki skráð í almenna fundargerðarbók nefndarinnar.

11. Grein - Meðferð mála

Skólanefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau erindi sem berast henni, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til sveitarstjórna, nema sveitarstjórnir hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins samkvæmt kafla 2.3. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins.

Með samþykkt erindisbréfs þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3. ágúst 2022

Samþykkt á fundi Menningar- og æskulýðsnefndar xx. xxxx xxxx.